

FUNDARGERÐ

Héraðsnefnd Þingeyinga

kom saman til fundar í Sauðaneshúsinu á Langanesi 8. maí 2015 kl. 14:00.

Mætt voru:

Héraðsnefndarfulltrúarnir Arnór Benónýsson frá Þingeyjarsveit, Friðrik Sigurðsson (varamaður fyrir Jónas Einarsson) og Óli Halldórsson frá Norðurþingi, Reynir Atli Jónsson frá Langanesbyggð, Sigurður Þór Guðmundsson frá Svalbarðshreppi, Steinþór Heiðarsson frá Tjörneshreppi. Yngvi Ragnar Kristjánsson fulltrúi Skútustaðahrepps boðaði forföll sem og varamaður hans.

Þá sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður, Arnór Benónýsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna til starfa.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningar HNP 2014

Lagðir fram ársreikningar héraðsnefndar 2014 endurskoðaðir og áritaðir af PWC án athugasemda ásamt endurskoðunarbréfi. Tekjur ársins voru 6,9 mkr. og rekstrargjöld 5,1 mkr. og tekjuafgangur fyrir fjármagnsliði því 1,8 mkr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 200 þús. kr. og tekjuafgangur ársins 1.985 þús. Eignir skv. efnahagsreikningi námu 22,8 mkr. og þar af eru 9,8 mkr. í fastafjármunum og veltufjármunir 13,0 mkr., þar af handbært fé 12,2 mkr. Eigið fé er 14,6 og skuldir og skuldbindingar samtals 8,2 mkr. en þar af er lífeyrisskuldbinding 6,9 mkr.

Í endurskoðunarbréfi er vakin athygli á misræmi í eigendaskráningu Þingeyjar þar sem HNP er skráður 100% eigandi hjá Fasteignaskrá Íslands en skv. þinglýstum gögnum og bókum HNP er eignarhlutinn 75%. Einnig er vakin athygli á því að útreikningur á lífeyrisskuldbindingu er byggður á framreikningi skuldbindingar frá fyrra ári þar sem ekki reyndist unnt að sérgreina skuldbindingu HNP hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga.

Í umræðu kom m.a. fram að ástæða væri til að fara yfir eignarhald HNP á húseignum á Laugum og kanna hvort unnt væri að koma þeim eignarhlutum í verð. Var framkvæmdastjóra falið að skoða þau mál ásamt því að gera ráðstafanir til að bregðast við þeim sérstöku umfjöllunarefnum sem fram komu í endurskoðunarbréfi PWC.

Að umræðu lokinni voru ársreikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða og undirritaðir af nefndarmönnum og framkvæmdastjóra.

2. Samstarfssamningur sveitarfélaganna á starfsvæði HNP um málefni almanna

Lögð fram drög að samstarfssamningi sem unnin hafa verið á grundvelli bókunar HNP frá 20. nóv. 2014 – liður 3. b. Megin breytingin frá fyrri samningi felst í því að framkvæmdastjórar sveitarfélaganna sitji í nefndinni og hún hafi fyrst og fremst stjórnarsýsluhlutverk, þ.m.t. fjárhagsáætlanagerð. Jafnframt verði skipað sérstakt framkvæmdaráð sem beri ábyrgð á hinu faglega almannavarnarstarfi í umboði nefndarinnar.

Að umræðu lokinni voru gerðar smávægilegar breytingar á drögum og þau síðan samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að senda samninginn til afgreiðslu sveitarstjórna og afla staðfestingar ráðherra þegar afgreiðsla þeirra liggur fyrir.

3. Drög að samþykktum fyrir byggðasamlagið Héraðsnefnd Þingeyinga

Lögð fram drög að samþykktum fyrir HNP bs. sem unnin hafa verið á grundvelli fyrri bókana nefndarinnar. Einnig lá fyrir svar í tölvupósti frá lögfræðingi Samb. ísl. sveitarfélaga varðandi álitamál um skilgreiningu á verkefnum byggðasamlagsins.

Megin markmiðið með nýju fyrirkomulagi eru annars vegar að fella starfsumgjörð HNP að gildandi ákvæðum sveitarstjórnarlaga og hins vegar að skapa samræmda umgjörð um núverandi samstarf sveitarfélaganna sem jafnframt feli í sér að einfalt sé að auka það og efla eftir því sem sveitarfélögin kjósa.

Drögin að samþykktunum og samstarf sveitarfélaganna í héraði rætt vítt og breytt. Sérstaklega rætt um skilgreiningu á verkefnum byggðasamlagsins, en vilji er til þess að hafa þá skilgreiningu opna þannig að ekki þurfi að breyta stofnsamningi í hvert sinn sem samlaginu væru falin ný verkefni, hvort sem þau væru tímabundin eða varnaleg, heldur nægði það skilyrði stofnsamningsins að öll sveitarfélögin samþykktu viðkomandi verkefni. Einnig rætt um fjölda og skiptingu fulltrúaráðsmeðlima á milli sveitarfélaganna.

Að umræðu lokinni var formanni, framkvæmdastjóra og Steinþóri falið áframhaldandi umboð til að vinna málið, m.a. að leita álits ráðuneytisins á þeim álitamálum sem rædd voru. Að því búnu verði drögin send sveitarfélögunum til afgreiðslu, eftir atvikum að undangenginni frekari umfjöllun héraðsnefndar, kalli álit ráðuneytisins á efnislegar breytingar á fyrirbyggjandi drögum.

4. Tilnefning í fulltrúaráð EBÍ

Fyrir liggur erindi frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélags Íslands um tilnefningu í fulltrúaráð félagsins sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um félagið nr. 68/1994.

Samþykkt að tilnefna Reyni Atla Jónsson sem aðalmann og Steinþór Heiðarsson til vara.

5. Önnur mál

a) Framkvæmd Þingeyjarverkefnisins

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að framlag hafi fengist frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til hönnunar- og skipulagsvinnu í Þingey skv. umsókn að upphæð kr. 1.577.000,- Jafnframt gerði hann grein fyrir því að hann hefi þegar rætt málið við forstöðumann Minjastofnunar Íslands, Dr. Kristínu Huld Sigurðardóttur, en stofnunin hefur umsjón með eynni á grundvelli friðlýsingar hennar.

Kynnti framkvæmdastjóri einnig hugmynd að því að skipaður verði verkefnishópur með aðild Minjastofnunar, Þingeyjarsveitar, Urðarbrunns og sameigenda að eynni, ásamt fulltrúa HNP, til að stýra vinnunni. Við vinnuna sjálfa kemur til greina að nýta nemendur við LbhÍ við landslagsgreiningu. Þá er æskilegt að sömu skipulagshönnuðir og unnið hafa við Goðafossverkefnið komi einnig að þessari vinnu til að tryggja það sambengi sem vilji er til að verði um hönnun og yfirbragð á þessum sögustöðum í héraði.

Héraðsnefnd fagnar því að unnt verði að ráðast í þessa vinnu þannig að staða og skipulag í eynni skýrist til framtíðar og samþykkir það vinnufyrirkomulag sem framkvæmdastjóri kynnti.

b) Stjórnsýsla barnaverndarmála í héraði

Óljós staða er varðandi skipan í sameiginlega barnaverndarnefnd Þingeyinga skv. samstarfssamningi sveitarfélaganna frá 1. janúar 2011. Er framkvæmdastjóra falið að kanna hvernig úr megi bæta og leita m.a. ráðgjafar Samb. ísl. sveitarfélaga þar um.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30